

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómritari/verkefnastjóri

Héraðsdómur Norðurlands vestra óskar eftir að ráða dómritara/verkefnastjóra. Dómstóllinn starfar samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla og er starfsstöð að Skagfirðingabraut 21 á Sauðárkróki. Eftirtalin sveitarfélög heyra til umdæmis hans: Húnaþing vestra, Húnabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagafjörður.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Undirbúningur þinghalds.
- Skráning og frágangur málsskjala.
- Frágangur bókhaldsgagna og aðstoð við gerð fjárhagsáætlana.
- Ritvinnsla á skrifstofu og í dómsal.
- Símsvörun og samskipti við þá sem erindi eiga við dómstólinn.
- Almenn skrifstofustörf og dagleg stjórn tölvukerfa.
- Önnur verkefni sem dómstjóri felur viðkomandi.

Hæfniskröfur:

- Góð og fagleg samskiptahæfni er áskilin.
- Hæfni til að tileinka sér fljótt og örugglega tölvukerfi dómstólsins (til að mynda málaskrá, Réttarvörslugátt og fjarfundabúnað). Reynsla af notkun GoPro-kerfa og Teams er kostur.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði ásamt því að geta skilið og tjáð sig á ensku.
- Almenn menntun og reynsla af skrifstofustörfum eru skilyrði. Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, sem og reynsla af bókhaldi.
- Reynsla af störfum sem tengjast lögfræði er kostur.
- Starfsmaðurinn þarf að hafa búsetu á Sauðárkróki eða í nágrenni Sauðárkróks.

Frekari upplýsingar um starfið:

Leitað er að duglegum og samviskusömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og skilvirkt, er sveigjanlegur og nákvæmur og á auðvelt með mannleg samskipti.

Um er að ræða 70% starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 23. febrúar 2026.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi og stofnanasamningi Sameykis/BHM og dómstólasýslunnar.

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2026. Senda skal umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi á netfangið heradsdomur.nordurlands.vestra@domstolar.is

Athygli er vakin á því að umsóknir um starfið geta gilt í sex mánuði.

Nánari upplýsingar veitir:

Þorsteinn Magnússon dómstjóri í gegnum framangreint netfang eða í síma 455-6444.